

86

16. des.

6. gr.

Er næsta matstímabili lóðarleigu samkv. gildandi leigusamningum lýkur, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal lóðarleigan ákveðin svo sem segir í lögum þessum.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 23 3. okt. 1903, um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurborg, laga nr. 59 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*

87

16. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórnin setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlök 1944 reiknar hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942.

2. gr.

Í stað „1000“ í 4. gr. laganna komi: 10000.

*Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*